

Samtök ferðaþjónustunnar, fyrir hönd ökutækjaleiga hafa komið á framfæri ábendingum vegna fyrirhugaðrar VSK álagningar við endursölu og útleigu vistvænna bílaleigubíla / hreinorkubíla. Samtökin hafa bent á að niðurfelling VSK af umræddum bílum kemur skattskildum aðilum eins og ökutækjaleigum ekki til góða. Álagning VSK á endursölu bíla skaðar verulega samkeppnisstöðu ökutækjaleiga á eftirmaða.

### Bakgrunnur

Þegar bráðabirgðaákvæði um niðurfellingu virðisaukaskatts kom fyrst inn í lög 2012 var ekki hugað að endursölu bíla frá skattskyldum aðilum þrátt fyrir að þátttaka þeirra í orkuskiptum væri ótvíræð. Ökutækjaleigur voru hvattar til að taka þátt í verkefninu og hafa þær alla tíð síðan í góðri trú tekið fullan þátt í verkefnum sem miða að hraðari orkuskiptum í samgöngum

### Hvað geta stjórnvöld gert til að koma í veg fyrir samdrátt í hlutfalli hreinorkubíla af kaupum nýrra bíla hjá ökutækjaleigum?

- **Nauðsynlegt er að tryggja að niðurfelling VSK verði ekki endurrökkuð frá 1.1.2024**
  - Miðað við gildandi lög er ökutækjaleigum skilt að skila þeirri ívilnun sem haldið er fram að þær hafi fengið við kaup á hreinorkubílum undanfarin ár. Ívilnun skal skilað í formi útskatts á selda bíla, sem ekki nutu innskatts vegna niðurfellingar VSK við kaup.
  - Ef útskattur leggst á bíla við sölu sem ekki nutu innskatts við kaup, mun það verða til þess að ökutækjaleigur munu leitast eftir því að draga endurnýjun á núverandi flota hreinorkubíla eins og mögulegt er.
  - Hægja mun á orkuskiptum þar sem ökutækjaleigur halda núverandi flota hreinorkubíla lengur.
  - Skattskyldir aðilar njóta ekki niðurfellingarinnar og eru því vörsluaðilar en ekki njótendur.
- **Nauðsynlegt er að tryggja að útleiguverð til leigutaka verði ekki snarhækkað um áramótin með álagningu virðisaukaskatts á útleigu**
  - Miðað við gildandi lög verður ökutækjaleigum skilt að leggja virðisaukaskatt á útleigu hreinorkubíla. Þetta mun þýða hækkun á útleiguverði fyrir leigutaka sem nemur álögðum virðisaukaskatt.
  - Nú þegar er útleiguverð á hreinorkubílum töluvert hærra en á sambærilegum bensín/dísel bílum (vegna hærra innkaupsverðs). 24% virðisaukaskattshækkun ofan á það, mun snarminnka eftirspurn leigutaka eftir slíkum bílum.
  - Takmörkuð eftirspurn hefur verið eftir hreinorkubílum hjá ökutækjaleigum. Ein ástæða þess er hátt verð hreinorkubíla í samanburði við sambærilega bensín/dísel bíla. Minni eftirspurn eftir hreinorkubílum mun draga verulega úr eða stöðva öll ný kaup bílaleiga á slíkum bílum.

### Hvað geta stjórnvöld gert til að auka hlutfall hreinorkubíla af kaupum nýrra bíla hjá ökutækjaleigum?

- **Tryggja þarf jafnræði á eftirmaða með notaða bíla og passa þarf uppá að slá ekki á eftirspurnina með álagningu VSK á útleigu**
  - Framlengja þarf 3.gr bráðabirgðaákvæðis XXIV í lögum um virðisaukaskatt.
  - Framlengja þarf til nokkurra ára bráðabirgðaákvæði XXXIX í lögum um virðisaukaskatt.
- **Búa þarf til umhverfi þar sem ökutækjaleigur geta boðið sínum viðskiptavinum hreinorkubíla á samkeppnishæfu verði í samanburði við bensín/dísel bíla. Þetta umhverfi þarf að vera með fyrirjábanleika til a.m.k. 4 ára**
- **Vinna þarf að innviðum sem þola stóruka umferð hreinorkubíla á vegum landsins**